


Byggðasafn Vestfjarða



127. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða haldinn 7. janúar kl. 12 í Faktorshúsi í Neðstakaupstað.

Mættir: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson bæjarstjóri Bolungarvíkur, Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri Súðavíkurhrepps og Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður safnsins sem ritar fundargerð.


Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2025
 - Lögð fram samþykkt fjárhagsáætlun og hún rædd. Farið var yfir stöðu safnsins og rætt um það sem hafa má í huga við gerð áætlunarinnar.
2. Staðan í húsnæðismálum safnsins en vonast er til að framkvæmdum við lagfæringar á Turnhúsinu ljúki ekki síðar en í marz og þá verður hafist handa við að lagfæra sýningar á efri hæðum hússins.
3. Starfsmannamál, auglýst verður eftir sérfræðingi í 50% starf fljótlega en í vetur verður einn starfsmaður á safninu í 50% starfi og tveir á tímakaupi ásamt forstöðumanni og umsjónarmanni.
4. María Júlía er komin til Húsavíkur og bíður þess að vera tekin upp í slippinn. Hún er í umsjón slippins og hollvinsamtakanna.
5. Slippurinn í Neðstakaupstað, spurning hvert við eigum að stefna með hann. Er í eigu bæjarins en í umsjón safnsins sem gjarnan vildi endurgera hann þó ekki væri nema til sýningarhalds en til þess þarf all nokkurt fjármagn.
6. Gjöf til safnsins en því stendur til boða að fá smíðahús við Sundstræti með öllu því sem þar er. Safnið hefur áhuga á að þiggja gjöfina en fara þarf fram þríhliða samtal gefanda, safnsins og bæjarins. Málið verður sett í ferli á næstu vikum.

Turnhúsinu – 400 Ísafirði

Sími/tel: + 456 3291 – e-mail: byggdasafn@isafjordur.is – Heimasíða/website: www.nedsti.is

Byggðasafn Vestfjarða



7. Önnur mál

- Staða á verkefnum:
 - Grunnskýningin er í hönnun og stefnt er á að byrja á næstu vikum að endurraða, hanna spjöld og annan umbúnað.
 - Sýning um Neðstakaupstað sem staðsett verður á grunninum við Jónshús, byrjað er á vinnu við hana og stefnt á að hún verði sett upp í sumar.
 - Sýning á Straumnesfjalli fékk styrk frá Uppbyggingasjóði svo hægt verður að ljúka við hönnun og prentun og stefnt er á að fyrstu spjöldin fari upp í sumar.
 - Á þessu ári fer af stað hönnun safnasvæðisins og framkvæmdir hefjast svo næsta vor. Hugmyndin er að gera svæðið aðgengilegra öllum og tengja það við nýjan gögnustíg se mog fjöruna.
 - Sótt var um styrk fyrir sýningu um Vefstofu Guðrúnar Vigfúsar en safn hennar var afhent síðasta haust. Beðið er eftir niðurstöðu frá safnasjóði áður en hönnun fer í gang en stefnt er á að opna hana í vor eða í síðasta lagi næsta haust.

Fleira ekki ger tog fundi slitið kl. 13.30

Byggðasafn Vestfjarða

